

1 **Málefni fatlaðs fólks og öryrkja**

2 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs haldinn 28. ágúst 2021 ályktar að gera
3 þurfi átak í mannréttindum fatlaðs fólks, tryggja að það njóti allra réttinda til jafns við aðra
4 og geti lifað sjálfstæðu lífi án aðgreiningar í íslensku samfélagi. Stórt skref í þessa átt er að
5 lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

6 Mikilvægt er að hækka örorkulífeyri og huga sérstaklega að kjörum þeirra sem reiða sig
7 alfarið á almannatryggingar. Örorkubætur eiga ekki að vera undir lágmarkslaunum.
8 Vinnumarkaður þarf að vera sveigjanlegur og hlutastörf eiga að vera í boði. Hið opinbera
9 þarf að ganga á undan með góðu fordæmi og ráða fólk með skerta starfsgetu til starfa.

10 Gera þarf lífeyriskerfið gagnsærra og halda áfram að minnka vægi skerðinga innan þess.
11 Kerfið á að styðja við virkni og atvinnuþátttöku fólks og má ekki undir neinum
12 kringumstæðum halda öryrkjum í fátæktargildru.

13 Efla þarf hvers kyns endurhæfingu, líkamlega og andlega en ekki síður starfstengda svo fólk
14 geti verið virkt í samfélaginu og á vinnumarkaði, því sjálfu og þar með samfélaginu öllu til
15 hagsbóta. Mikilvægt er að nám geti verið þáttur í endurhæfingu fólks.

16 Fatlað fólk og öryrkjar búa við ýmiskonar hindranir. Þeim þarf að ryðja úr vegi. Mismunun
17 getur verið fjölþætt og birtist ólíkum hópum með ólíkum hætti. Einkum þarf að huga að
18 hópum sem búa við samþætta mismunun svo sem fötluðum konum, sem eru í aukinni hættu
19 á að verða beittar ofbeldi. Aðgerðir og stefnumótun stjórnvalda verða að taka mið af þessu
20 svo allt fólk búi við jafna stöðu og eigi möguleika á að njóta sömu tækifæra.

21 Þegar heimsfaraldrar og hamfarir ganga yfir þarf sérstaklega að huga að fötluðu fólki og
22 aðstandendum þeirra. Almannaþarfi, og aðrir viðbragðsaðilar, þurfa að huga sérstaklega að
23 þessum hópi í öllum viðbragðsáætlunum og aðgerðum. Þetta á meðal annars við um
24 rýmingaráætlanir, vegna náttúruhamfara, og sóttvarnaráætlanir. Öryggi og velferð fatlaðs
25 fólks skal ávallt höfð í fyrirrúmi.

26 Í þeim stafrænu umbreytingum, sem nú standa yfir, þarf að tryggja að stafrænar lausnir
27 uppfylli kröfur um aðgengi fyrir alla. Miklu skiptir að við öll, þar með talið fatlað fólk, höfum
28 jafnt aðgengi að stafrænum heimi.

Steinunn Þóra Árnadóttir

Rannveig Traustadóttir

1 **Stjórn málaályktun landsfundar**

2 Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 28. ágúst 2021 leggur áherslu
3 á að hreyfingin leiði næstu ríkisstjórn að loknum kosningum nú í haust. Málefnalegur
4 árangur Vinstri-grænna af núverandi stjórnarsamstarfi er óumdeildur en framundan eru stór
5 verkefni.

6 Næsta ríkisstjórn þarf að halda áfram á sömu braut og leggja enn frekari áherslu á
7 loftslagsmálin, draga enn meira úr losun, auka kolefnisbindingu og sjá til þess að aðgerðir
8 gegn loftslagsvánni tryggji réttlát umskipti þannig að þær bitni ekki tekjulágum. Við eigum að
9 setja okkur enn metnaðarfullri markmið um samdrátt – stefna að a.m.k. 60% samdrætti árið
10 2030 og kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040.

11 Tryggja þarf grænar áherslur í atvinnuuppbyggingu, m.a. með eflingu hringrásarhagkerfis.
12 Huga þarf betur að hvötum til endurnýtingar, til dæmis á margs konar varahlutum.

13 Nýta þarf þau stóru sóknarfæri sem íslenskt samfélag á í þekkingariðnaði, nýsköpun og
14 skapandi greinum. Það eykur verðmætasköpun í samfélaginu, skapar störf og tryggir
15 fjölbreyttari stoðir undir efnahagslífið.

16 Halda skal áfram að byggja upp menntun á öllum skólastigum, brúa bilið á milli
17 fæðingarorlofs og leikskóla, tryggja nýliðun í kennarastétt og styðja enn betur við
18 námsmenn. Endurskoða þarf löggjöf um framhaldsfræðslu.

19 Leggja þarf aukna áherslu á jöfnunarhlutverk skattkerfisins með réttlátum breytingum. Þá
20 þarf einnig að nýta skattkerfið betur til að stuðla að loftslagsmarkmiðum okkar.

21 Raunhæfar aðgerðir þarf til að útrýma launamun kynjanna, meðal annars með skýru
22 endurmati á stöðu kvennastétta. Farið verði í tilraunaverkefni á þessu sviði. Meta þarf áhrif
23 styttingar vinnuvikunnar á kjör launafólks, ekki síst vaktavinnafólks en þar á meðal eru stórar
24 kvennastéttir.

25 Vinna þarf að því að eldra fólk geti búið lengur heima. Endurskoða þarf lífeyris- og
26 almannatryggingakerfið þannig að fólk geti unnið lengur. Tryggja þarf hjúkrunarrými í takt
27 við þarfir samfélagsins. Eins þarf að byggja áfram upp félagslegan viðbótarstuðning við
28 tekjulága í hópi aldraðra.

29 Markvissar aðgerðir þarf til að styðja við tekjulágar barnafjölskyldur með eflingu
30 barnabótakerfis.

31 Á næsta kjörtímabili þarf að endurskoða framfærslukerfi öryrkja og bæta stöðu tekjulægri
32 öryrkja og öryrkja með börn.

33 Halda þarf áfram uppbyggingu félagslegs húsnæðiskerfis, bæta í stofnframlög til uppbyggingar
34 almennra íbúða og efla það kerfi til framtíðar. Þá þarf að efla og stækka leigufélagið Bríeti sem
35 er í eigu ríkisins og ætlað er að koma á öflugum og sanngjörnum leigumarkaði um land allt.
36 Halda þarf áfram að bæta réttindi leigjenda og bjóða upp á öfluga upplýsingagjöf til þeirra á
37 mörgum tungumálum.

38 Skoða þarf að setja á lagaheimild til búsetuskyldu í íbúðarhúsnæði, með áherslu á
39 þéttbýlissvæði eins og þekkest víða í Evrópu, til að tryggja að húsnæði standi ekki autt árum
40 og áratugum saman á sama tíma og fólk vantar þak yfir höfuðið.

41 Hugsum til framtíðar í húsnæðismálum með því að leggja sjónarmið í þágu umhverfis- og
42 loftslagsmála til grundvallar skipulagi og uppbyggingu húsnæðis. Horfa þarf til hagkvæmra
43 lausna í húsnæðismálum með minna húsnæði, umhverfisvænum byggingaraðferðum, bætttri
44 orkunýtingu og styttri fjarlægðum frá þjónustu.

45 Halda þarf áfram að draga úr kostnaði sjúklinga. Næsta skref er að afnema komugjöld á
46 heilsugæslu og lækka gjöld fyrir tannlækningar.

47 Efla þarf enn frekar opinbera heilbrigðiskerfið og ljúka við byggingu nýs spítala.

48 Áfram þarf að byggja upp geðheilbrigðisþjónustu um land allt, efla forvarnir og tryggja
49 snemmtæka íhlutun enda er góð geðheilsa órjúfanlegur þáttur í góðri lýðheilsu.

50 Halda þarf áfram að efla innviði samfélagsins á ýmsum sviðum, m.a. með fjölpættum
51 lausnum í samgöngum, fjarskiptum o.fl.

52 Efla þarf Matvælasjóð, innlenda matvælaframleiðslu, ekki síst grænmetisrækt, og gera þarf
53 tímasetta áætlun um eflingu lífrænnar matvælaframleiðslu.

54 Náttúruvernd og vernd líffræðilegrar fjölbreytni eru lykilþættir í því að tryggja sjálfbærni
55 samfélagsins og mikilvægar aðgerðir til þess eru að stofna þjóðgarð á miðhálandi Íslands og
56 Vestfjörðum.

57 Ljúka þarf afgreiðslu 3. áfanga rammaáætlunar. Skilgreina þarf orkupörf samfélagsins á
58 forsendum grænnar uppbyggingar og náttúruverndar. Í framhaldinu þarf að endurskoða
59 löggjöf um rammaáætlun, meðal annars m.t.t. regluverks um vindorku.

60 Efla þarf löggæsluna og tryggja að lögreglan hafi nægan mannafla, m.a. til að taka með
61 skýrum hætti á alþjóðlegri glæpastarfsemi.

62 Halda skal áfram með umbætur á vinnumarkaði. Byggja þær m.a. á tillögum um hvernig
63 koma meg í veg fyrir félagsleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði.

64 Áfram skal efla stuðning við flóttamenn og tryggja að innflytjendur hafi hér tækifæri til að
65 skapa sér betra líf.

66 Fjölga á störfum án staðsetningar hjá hinu opinbera. Þá þarf hið opinbera að sýna fordæmi
67 hvað varðar ráðningu fólks í hlutastörf t.a.m. fyrir fólk sem býr við skerta starfsgetu. Halda
68 þarf áfram innviðauppbyggingu um land allt og tryggja tækifæri til menntunar, rannsókna og
69 nýsköpunar í öllum landshlutum.

70 Baráttunni fyrir mannréttindum lýkur aldrei. Áriðandi er að halda baráttunni áfram á öllum
71 sviðum sérstaklega í málefnum fatlaðs fólks og öryrkja.

72 Endurskoða þarf stjórnsýslu útlendingamála og aðskilja stjórnsýslu og þjónustu
73 Útlendingastofnunar. Markmiðið á að vera að taka á móti fleirum og gera það enn betur. Þá

74 þarf að endurskoða fyrirkomulag atvinnuleyfa og greiða leið fyrir þau sem hingað koma til að
75 starfa á íslenskum vinnumarkaði.

76 Stofna þarf sérstaka sjálfstæða Mannréttindastofnun.

77 Halda þarf áfram endurskoðun stjórnarskrárinnar. Löngu er tímabært að ný ákvæði um
78 auðlindir í þjóðareign og umhverfis- og náttúruvernd hljóti afgreiðslu Alþingis en einnig þarf
79 að ráðast í tímabærar breytingar á öðrum köflum. Endurskoða þarf mannréttindakafla
80 stjórnarskrárinnar meðal annars með hliðsjón af réttinum til menntunar, heilbrigðis og
81 lífsviðurværis.

82 Mikilvægt er að halda áfram endurskoðun jarðalaga. Stórt skref var stigið þegar sett voru
83 stærðarmörk á land sem einn aðili getur keypt sér en halda þarf áfram. Skýra þarf
84 lagaumhverfið þegar um er að ræða sameign á jörðum og þá þarf einnig að tryggja
85 forkaupsrétt ríkisins þegar um er að ræða land þar sem eru náttúru- og menningarminjar.

86 Ljúka þarf endurskoðun löggjafar sem tryggir enn frekar réttarstöðu brotaþola. Þá þarf að
87 fylgja eftir forvarnaáætlun gegn kynbundnu og kynferðisofbeldi sem og áreitni.

88 Tryggja þarf að langtímaatvinnuleysi festist ekki í sessi í íslensku samfélagi með tilheyrandi
89 samfélagslegum afleiðingum. Því þarf m.a. að skapa ný græn störf með fjölbreyttum
90 fjárfestingum og áframhaldi öflugra vinnumarkaðsaðgerða.

91 Hætta er á að heimsfaraldur, efnahagslægð og loftslagsvá leiði af sér ranglæti og aukinn
92 ójöfnuð. Einmitt þess vegna er mikilvægt að Vinstriheyfingin - grænt framboð haldi ótrauð
93 áfram sínum góðu verkum og tryggi með öllum sínum krafti að Ísland verði áfram gott
94 samfélag – samfélag fyrir okkur öll.

Stjórn VG